



Kópavogsbær

Í STARTHOLUNUM 2023

Endurmenntun í öndvegi í upphafi nýs skólaárs

Þriðjudagur 8. ágúst

Uppeldi til ábyrgðar Kl. 09:00 – 16:00

**Miðvikudagur
9. ágúst**

**Fimmtudagur
10. ágúst**

**Mánudagur
14. ágúst**

**Uppeldi til ábyrgðar
Kl. 09:00 – 12:00**

**Leiðsagnarnám
Kl. 9:00 – 15:00**

**Samskipti stúlkna - fyrri hluti
Kl. 9:00 – 16:00**

**Fjölbreyttar kennsluáðferðir
fyrir fjöruga krakka
Kl. 13:00 – 16:00**

**Atferlismótandi aðferðir í skólastarfi
Kl. 09:00 – 12:00**

**Gildi listgreinakennslu
Kl. 09:00 – 12:00**

**Þegar réttindi og velferð
grunnskólabarna stangast á
Kl. 13:00 – 16:00**

Hvað gerum við þegar beita þarf líkamlegu innigripi og/eða nota einveruherbergi í skólastarfi?

**Sundkennsla í viðum skilningi
Kl. 9:00 – 12:00**

**Verkefnamiðað þemanám
Kl. 9:00- 16:00**



**Persónuleg hæfni: Hreyfing-
Næring-Svefn – fyrri hluti.
Kl.13:00 –16:00**

Vinnustofa í upplýsingatækni
fyrir stjórnendur og kennsluráðgjafa UT í
skólastarfi
Kl. 9:00 – 12:00

**Inngilding í kennslustofunni
9:00-16:00**

**Skapandi tjáning á yngsta stigi
Kl. 13:00 - 16:00**

**Nýir kennarar og spjaldtölvan
Kl. 13:00 – 15:00**

**Sambætt þjónusta - Frummat tengiliða,
fundargerðir og stuðningsáætlanir
Kl. 13:00 – 16:00**

**Skólaforðun - snemmtækur
stuðningur
Kl. 13:00 – 15:00**

**Lesið í lifandi myndir
Kl. 13:00 – 16:00**

**Persónuleg hæfni: Hreyfing- Næring-
Gæðasvefn – seinni hluti.
Kl.13:00 –16:00**



Kópavogsbær

Nánari lýsingar á námskeiðum:

Athugið að námskeiðin fara fram í **Kópavogsskóla** nema annað sé tekið fram í námskeiðslýsingu.

Á heilsdags námskeiðum er hádegishlé milli kl. 12:00 – 13:00 og ekki er boðið upp á mat í hádegi.

Skráning fer fram á vefsíðunni “**Í startholunum**” sem er vefur starfs- og endurmenntunardaga grunnskóladeildar Menntasviðs Kópavogsbæjar.

<https://sites.google.com/snjallheimar.is/startholunum-2023?usp=sharing>

Skráningarfrestur er til 16. júní 2023



Uppeldi til ábyrgðar - Uppbygging 1

Námskeið fyrir nýliða og upprifjun fyrir starfsmenn í leik- og grunnskólum í Kópavogi sem nýta vinnuaðferðir Uppbyggingar sjálfsaga - Restitution - Selfdiscipline).

Leiðbeinendur: Frá félagi um uppbyggingu sjálfsaga

Tímasetning: Þriðjudaginn 8. ágúst kl. 09:00 – 16:00 og miðvikudaginn 9. ágúst kl. 09:00 – 12:00.

Staðsetning: Kópavogsskóli

Meginatriði Uppeldis til ábyrgðar - uppbyggingu sjálfsaga er að kenna börnum og unglingum sjálfsaga og ýta undir gott sjálfstraust. Lögð er áhersla á jákvæð samskipti, gagnkvæma virðingu og góðan skólabrag. Uppbygging sjálfsaga hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gjörðum. Nemendur læra að þekkja grunnþarfir sínar og taka tillit til samferðarmanna sinna.

Uppeldi til ábyrgðar - Uppbyggingarstefna (Restitution) í skólastarfi er hugmyndakerfi þar sem lögð er áhersla á sjálfsskoðun, uppbyggileg samskipti, kennslu sjálfsaga og sjálfstjórn í samskiptum. Stefnan er upprunnin í Kanada og hefur upphafsmaður aðferðarinnar Diane Gossen þróað hana síðustu 20 ár. Uppbyggingarstefnan miðar að því að finna leiðir til lausnar á ágreiningsmálum, að við stjórnnumst af innri hvötum frekar en ytri, að skoða hvernig við viljum vera, frekar en hvað við erum að gera. Hún skapar aðstæður fyrir einstaklinginn til að geta leiðrétt og bætt fyrir mistök sín, gera betur og snúa síðan aftur til hópsins með aukið sjálfstraust. Nemendum er kennt að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Miðað er að því að finna þörfina bak við það sem við erum að gera.



Skapandi tjáning á yngsta stigi

Leiðbeinendur: Kristín Björk Gunnarsdóttir kennsluráðgjafi í upplýsingatækni og Bergþóra Þórhallsdóttir verkefnastjóri í upplýsingatækni.

Tímasetning: Miðvikudaginn 9. ágúst kl.13:00 -16:00

Staðsetning: Kópavogsskóli

Aukning tækja á yngsta stigi kallað á markvissari vinnubrögð með spjaldtölvunni sem námsgagni. Námskeiðinu er ætlað að leiða kennara áfram og sýna fjölmörg dæmi um hvernig spjaldtölvun nýtist fyrir skapandi tjáningu yngstu nemendanna. Kennarar munu þjálfast í ákveðnum vinnubrögðum.

Markmið námskeiðsins er að leiðbeina kennurum á yngsta sigi að nýta spjaldtölvuna:

- með skapandi hætti í námi yngstu nemendanna
- til að vinna með tjáningu á marga vegu
- til að auka ritfærni nemenda sinna
- til að samþætta ritun með margvíslegum hætti við námsgreinarnar

Gert er ráð fyrir eftirfylgni tvisvar á skólaárinu.



Kópavogsbær

Fjölbreyttar kennsluáðferðir fyrir fjöruga krakka

Leiðbeinendur: Hlín Magnúsdóttir Njarðvík grunnskólakennari.

Tímasetning: Miðvikudaginn 9. ágúst kl.13:00 -16:00

Staðsetning: Kópavogsskóli

Námskeiðið miðar að því að efla starfshæfni kennara til að koma til móts við fjölbreyttan nemendahóp. Farið er í hugmyndir sem nýtast í skólastofunni og hvernig er hægt að tengja áhugasvið og forvitni nemenda við námið. Einnig verður rætt um hvað mótar jákvætt námsumhverfi, hvernig við getum kynnst nemendahópnum á skemmtilegan hátt og mikilvægi þess að nemendur okkar finni að þau hafa áhrif á sitt eigið nám. Kennari Námskeiðið byggir á hugmyndum kennara námskeiðsins <https://fjolebreyttkennsla.is/> og er hálf dags námskeið í ágúst og fundur í mánudagsfræðslu á haustdögum.



Þegar réttindi og velferð grunnskólabarna stangast á – Hvað gerum við þegar beita þarf líkamlegu innigripi og/eða nota einveruherbergi í skólastarfi

Leiðbeinendur: Sigrún Erla Ólafsdóttir deildarstjóri í Álfhólsskóla og Ingibjörg Ýr Pálmadóttir kennsluráðgjafi.

Tímasetning: Miðvikudaginn 9. ágúst kl. 13:00 -16:00

Staðsetning: Kópavogsskóli

Markmið námskeiðsins er að kynna nýtt verklag þegar beita þarf líkamlegu inngrípi eða hefta frelsi nemanda á einhvern hátt til að tryggja öryggi. Í Kópavogi hafa verið stofnuð fagteymi um réttindi og velferð barna sem er samráðsvettvangur grunnskóla í Kópavogi, Arnarskóla og Menntasviðs Kópavogsbæjar. Markmið fagteymisins er að koma til móts við þarfir nemenda á sama tíma og velferð þeirra er tryggð. Á námskeiðinu verður veitt fræðsla um faglega úrvinnslu mála þegar upp koma tilvik þar sem beita þarf líkamlegu inngrípi eða hefta frelsi nemanda í skóla til að tryggja öryggi þeirra og starfsfólks. Lögð verður áhersla á fyrirbyggjandi aðferðir, skráningar, einstaklingsmiðaðar áætlanir og foreldrasamstarf með það að markmiði að koma í veg fyrir að sambærileg atvik endurtaki sig.

Námskeiðið verður unnið í formi fyrirlestra, umræðna og verkefna. Þátttakendur skrá atvik og vinna einstaklingsmiðaða áætlun fyrir ímyndaða nemendur á námskeiðinu.



Börn, áföll og sorg

Leiðbeinendur: Ína Ólöf Sigurðardóttir frá Sorgarmiðstöðinni

Tímasetning: Miðvikudaginn 9. ágúst kl.13:00 –15:00

Staðsetning: Kópavogsskóli

Á námskeiðinu verður veitt fræðsla um áfalla- og sorgarviðbrögð barna

og rætt um hvernig starfsfólk skóla getur stutt við börn og fjölskyldur í sorg. Sérstaklega verður hugað að nemendum sem orðið hafa fyrir foreldramissi og þörfum þeirra. Unnið verður að því að skólar komi sér upp verkferlum varðandi nemendur sem hafa lent í þungum áföllum.

Uppbygging námskeiðsins verður eftirfarandi hætti:

- 1.hluti – almennt um áföll barna og sorgarviðbrögð.
- 2.hluti – hvað getum við gert í skólum til að styðja við þessa nemendur og fjölskyldur þeirra.
3. hluti – að útbúa verkferla fyrir skóla til að bregðast við þörfum nemenda eftir áföll.



Skólaforðun – snemmtækur stuðningur

Leiðbeinendur: Ingibjörg Ýr Pálmadóttir kennsluráðgjafi á grunnskóladeild og fulltrúi frá Velferðarsviði.

Tímasetning: Miðvikudaginn 9. ágúst kl.13:00 –16:00

Staðsetning: Kópavogsskóli

Veitt verður fræðsla um skólaforðun svo kennarar og starfsfólk skóla þekki einkennin og geti brugðist við snemma með markvissum hætti. Farið verður yfir viðmið Kópavogsbæjar um viðbrögð við skólasóknarvanda, algengar orsakir og hjálplegar leiðir til að takast við skólaforðun. Lögð verður áhersla á fyrirbyggjandi aðferðir, snemmtæka íhlutun, markviss nemendasamtöl og foreldrasamstarf.

Sérstaklega verður horft á nemendur á yngsta stigi og miðstigi en vandinn byrjar oft þar og verður svo meiri á unglíngastigi ef ekkert er að gert.

Fræðsla verður í fyrirlestraformi og í vinnustofum verður unnið með hjálplegar leiðir s.s. samninga við nemendur, umbunarkerfi og kvíðastiga þar sem tekist er á við skólaforðun í hæfilegum skrefum.



Persónuleg hæfni: Hreyfing, næring og gæðasvefn - fyrri hluti

Leiðbeinendur: Indíana Nanna Jóhannsdóttir stofnandi og yfirþjálfari GoMove Iceland.

Tímasetning: Miðvikudaginn 9. ágúst kl.13:00 –16:00

Staðsetning: Kópavogsskóli

Námskeiðið er í tveimur hlutum: Það felur í sér leiðir til að styrkja persónulega hæfni um leið og tækifæri gefst til valdeflingar í starfi í gegnum hreyfingu, mataræði og gæðasvefn.

Horft er til Menntastefnu Kópavogsbæjar þar sem rætt er að öflugt menntastarf þarfnist umhverfis sem styður við nám og leik og auki líkur á að starfsfólk finni sig í vinnuvistvænu umhverfi þar sem heilsufarsþættir og öryggi eru í fyrirrúmi.

Sjónum er beint að því að auka persónuleg lífsgæði í gegnum hreyfingu, næringu og gæðasvefn. Námskeiðið verður í formi fyrirlestra og æfinga. Í báðum hlutum þurfa þátttakendur að koma og vera tilbúnir til að hreyfa sig í nánasta umhverfi; bæði úti og inni.

Þessi hluti námskeiðsins verður í formi fyrirlestra um:

- Hreyfingu.
- Næringu.
- Gæðasvefn

Með skráningu á fyrri hluta námskeiðs skuldbindur þátttakandi sig til þátttöku á seinni hluta þess 10. ágúst.

Boðið verður upp á eftirfylgd fyrir þátttakendur einu sinni til tvisvar á haust- og vormisseri; veltur á þátttöku og áhuga.



Leiðsagnarnám

Leiðbeinendur: Nanna Kristín Christiansen uppeldis- og menntunarfræðingur.

Tímasetning: Fimmtudaginn 10. ágúst kl. 09:00 –15:00

Staðsetning: Kópavogsskóli

Áhersla er á að þátttakendur öðlist aukna þekkingu á aðferðum leiðsagnarnáms í því skyni að geta nýtt það á árangursríkan hátt með nemendum sínum. Farið verður yfir helstu þætti leiðsagnarnáms: námsmenningu, skipulag, samræður og samvinnu, markmið, viðmið og endurgjöf. Rætt er um rökin sem liggja að baki og bent á leiðir sem skilað hafa árangri. Loks verða lögð drög að áætlun sem kennarar geta fylgt á haustönninni. Tekið er mið af því að þróun leiðsagnarnáms getur verið mismunandi milli þátttakenda og því er lagt upp með að þeir geti farið mismunandi leiðir.

Námskeiðið fer fram með fyrirlestrum, áhorfi á myndbönd, ígrundun, samræðum og verkefnum. Það hefst á námskeiðsdegi í ágúst og síðan eru tveir fræðslufundir á haustönn þar sem sem farið verður yfir reynslu þátttakenda og lögð drög að framhaldi í þróun þeirra.



Atferlismótandi aðferðir í skólastarfi

Leiðbeinendur: Silja Dís Guðjónsdóttir atferliráðgjafi

Tímasetning: Fimmtudaginn 10. ágúst kl. 09:00 -12:00

Staðsetning: Kópavogsskóli

Veitt verður fræðsla um grunnlögmál hegðunar og hvenær og hvernig hægt er að nýta atferlismótandi aðferðir í skólastarfi til að auka áhuga nemenda og ýta undir æskilega hegðun. Farið verður yfir markvissar skráningar, umbunarkerfi og samninga og það sem er mikilvægt er að hafa í huga til að ná árangri og forðast algeng mistök. Stuðst verður við fyrirlestra, umræður og verkefni en þátttakendur vinna skráningarkerfi, umbunarkerfi og samninga fyrir ímyndaða nemendur á námskeiðinu. Í framhaldi af námskeiðinu vinna þátttakendur skráningarkerfi, umbunarkerfi og/eða samninga fyrir sína nemendur. Gert er ráð fyrir tveimur eftirfylgnivinnusmiðjum á skólaárinu þar sem þátttakendur fá ráðgjöf og stuðning.



Kvíðavandi barna frá sjónarhóli kennara

Leiðbeinendur: Erlendur Egilsson sálfræðingur

Tímasetning: Fimmtudaginn 10. ágúst kl. 09:00 -12:00

Staðsetning: Kópavogsskóli

Veitt verður fræðsla um kvíða svo kennarar þekki einkennin og geti brugðist við snemma með markvissum hætti. Viðfangsefnið snýr að hjálplegum aðferðum og leiðum til að takast á við kvíða og efla um leið sjálfstraust nemenda.

Áhersla verður lögð á fyrirbyggjandi aðferðir sem hafa jákvæð áhrif á hugsunarhátt og hegðun nemenda og samstarf við foreldra. Fræðslan verður í:

- Fyrirlestraformi,
- Umræðuformi,
- Formi verkefna sem nýtt verða til að æfa aðferðir sem styðja við nemendur og foreldra,
- Formi úrræða til að aðlaga skólastarf að þörfum nemenda með kvíðaeinkenni.



Kópavogsbær

Vinnustofa fyrir deildarstjóra UT

Leiðbeinendur: Jafningjafræðsla deildarstjóra UT, kennsluráðgjafa UT og tæknistjóra spjaldtölva í skólastarfi Kópavogsbæjar.

Tímasetning: Fimmtudaginn 10. ágúst kl. 09:00 – 12:00

Staðsetning: Á starfstöð tæknistjóra.

Undirbúningur og samstarf fyrir komandi skólaár.



Sundkennsla í viðum skilningi

Leiðbeinendur: Ingibjörg Ýr Pálmadóttir kennsluráðgjafi grunnskóladeild.

Tímasetning: Fimmtudaginn 10. ágúst kl. 09:00 – 12:00

Staðsetning: Kópavogsskóli

Áhersla er á sundið sem almenningsíþrótt sem allir geti stundað óháð getu; að þátttakendur öðlist skilning á sundi og hvernig má vinna með útbreiðslu þess innan grunnskólans. Fjallað verður um tæknilegar reglur hvekkar sundaðferðar; baksunds, bringusunds, flugsunds og skriðsunds með það að markmiði að þátttakendur skilji hvaða öryggisþættir liggja að baki og miðli þeim áfram til nemenda sinna. Rætt verður um leiðir í þróun og skipulagi sundkennslu og hvernig mögulegt sé að vinna í öruggu námsumhverfi þannig að það henti hverjum og einum nemenda.

Uppbygging námskeiðsins verður með eftirfarandi hætti:

1. hluti – Rætt um gildi sundsins sem almenningsíþróttar.
2. hluti – Námsumhverfið í sundlauginni.
3. hluti – Tæknilegar reglur sundíþróttarinnar og hvaða hugsun býr að baki hverri reglu varðandi öryggi iðkenda.
4. hluti – Samtal um sundið og sundreglurnar.



Persónuleg hæfni: Hreyfing, næring og gæðasvefn - seinni hluti

Leiðbeinandi: Indíana Nanna Jóhannsdóttir stofnandi og yfirþjálfari GoMove Iceland.

Tímasetning: Fimmtudaginn 10. ágúst kl. 13:00 -16:00

Staðsetning: GoMoveIceland á Kársnesi

Framhald af námskeiði frá deginum áður og felur í sér leiðir til að styrkja persónulega hæfni um leið og tækifæri gefst til valdeflingar í starfi í gegnum hreyfingu, mataræði og gæðasvefn.

Horft er til Menntastefnu Kópavogsbæjar þar sem rætt er að öflugt menntastarf þarfnist umhverfis sem styður við nám og leik og auki líkur á að starfsfólk finni sig í vinnuvistvænu umhverfi þar sem heilsufarsþættir og öryggi eru í fyrirrúmi.

Sjónum er beint að því að auka persónuleg lífsgæði í gegnum hreyfingu, næringu og gæðasvefn. Námskeiðið verður í formi fyrirlestra og æfinga. Í báðum hlutum þurfa þátttakendur að koma og vera tilbúnir til að hreyfa sig í nánasta umhverfi; bæði úti og inni.

Þessi hluti námskeiðsins felur í sér þátttöku í hreyfingu bæði úti og inni; í íþróttasal og í kennslustofu.

Námskeiðið er framhald af fyrirlestrum frá því deginum. [Sjá hér.](#)

Boðið verður upp á eftirfylgd fyrir þátttakendur einu sinni til tvisvar á haust- og vormisseri; veltur á þátttöku og áhuga.



Gildi listgreinakennslu

Leiðbeinendur: Ingimar Ólafsson Waage lektor LHÍ

Tímasetning: Mánudaginn 14. ágúst kl. 09:00 -15:00

Staðsetning: Kópavogsskóli

Í námskeiðinu verður sjónum beint að mannkostamenntun sem gagnlegri leið til siðferðilegs uppeldis. Unnið verður út frá heimspekikeningum og fræðilegum hugmyndum um dygðamenntun, farsæld og mannskilningshugtakið ásamt því að skoða hagnýtar leiðir í list- og verkgreinakennslu. Rætt verður um mikilvægi ímyndunarafls, undrunar og tilfinninga sem grundvöll fyrir siðferðisþroska og hvernig við virkjum þessa þætti til skilnings og umburðarlyndis í margbreytilegu samfélagi, bæði til að skoða það sem er framandi og til að finna fyrir því sem er sammannlegt í reynslu okkar. List- og verkgreinar eru tímalausir fjársjóðir þegar kemur að því að tengja manneskjuna við sjálfa sig, tíðarandann og álitamál samtímans án þess að það feli í sér beina siðferðilega innrætingu. Í námskeiðinu fá nemendur tækifæri til að kljást við siðferðilegar spurningar, greiningarorðaförða og vangaveltur sem tengjast viðfangsefnunum ásamt því að gera tilraunir með og að prófa að samþætta hugmyndir mannkostamenntunar við skapandi verkefni í kennslustofunni.

Gert ráð fyrir eftirfylgni á "Mánudegi til menntunar" á skólaárinu.



Verkefnamiðað þemanám

Leiðbeinendur: Íris Björk Eysteinsdóttir deildarstjóri Hörðuvallaskóla.

Tímasetning: Mánudaginn 14. ágúst kl. 09:00 -16:00

Staðsetning:

Verkefnamiðað þemanám er námskeið þar sem kennarar s læra um samþætting greina, lausnaleytnárnám - e. Project based learning, heimildavinnu e. Resource based learning, umræðu og spurnaraðferðir og samvinnunám. Unnið verður með viðhorfið að allir geti lært- bara ekki allir eins og kenndar og kynntar fjölbreyttar leiðir fyrir kennara að beita til að ná lokamarkmiði hugarfar vaxtar “út úr þægindarammanum. Uppbygging námskeiðsins er með eftirfarandi hætti :

- 1) Námskeiðsdagur í ágúst þar sem fjallað er um samþættingu greina, lausnaleytnárnám, umræðu- spurnaraðferðir og samvinnunám. Þátttakendur fá kynningu og handleiðslu við nýtingu amboða til að skipuleggja kennslu sína með þessum hætti.
- 2) Lærdómssamfélag á mánudögum. Gert og græjað, handleiðsla og stuðningur. Þátttakendur vinna með amboðin, hittast mánaðarlega í klukkutíma í senn til að kynna fyrir hinum, gefa og þiggja ráð með gagnkvæmri miðlun og umræðum.



Samskipti stúlkna, leið til lausna - fyrri hluti

Leiðbeinandi: Sigríður Ingadóttir sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.

Tímasetning: Mánudaginn 14. ágúst kl. 09:00 – 16:00 fyrri hluti. Seinni hluti (3 tímar) verður í nóvember.

Staðsetning: Kópavogsskóli

Námskeiðið hefur svarað eftirspurn kennara, náms- og starfsráðgjafa og félagsráðgjafa um hagnýtt og árangursríkt verkefni sem hægt er að vinna með stúlkur í 5.-10. bekk til að þess að stuðla að jákvæðum samskiptum í stúlknaþópum. Námskeiðið er bæði hugsað sem fyrirbyggjandi og einnig til þess að vinna úr samskiptavanda sem þegar er til staðar.

Markmið verkefnisins er að:

- Að hjálpa stúlkum að bæta samskiptin sín á milli.
- Að vinna með óæskilega hegðun og samskipti stúlkna.
- Að efla félagslega færni stúlkna í samskiptum innbyrðis með því að vinna með æskilega og óæskilega hegðun.
- Að gefa stúlkum tækifæri til að ræða saman um þau félagslegu skilaboð sem ætluð eru ungum stúlkum í dag, mikilvægi félagstengsla, sjálfvirðingar og félagslegrar samkenndar.
- Að stúlkurnar fá þjálfun í að hugsa á gagnrýninn hátt um samskipti sín, hvernig þær tengjast hver annarri og þeim er gefið tækifæri til að tala um reynslu sína um leið og þær læra að takast á við árekstra og samkeppni við jafningjana.



Inngilding í kennslustofunni

Leiðbeinendur: Aðalheiður Diego og Edda Óskarsdóttir

Tímasetning: Mánudaginn 14. ágúst kl. 13:00 -16:00

Staðsetning: Kópavogsskóli

Inngilding – allir nemendur þátttakendur í kennslustofunni óháð getu og menningarmun.

Á námskeiðinu verður lögð áhersla á hvernig kennarar geta skipulagt kennsluhætti sína á sveigjanlegan hátt, eftir fjölbreytni og stutt við ábyrgð nemenda á eigin námi. Farið verður í hvernig kennarar geta þróað og skipulagt námsumhverfi sem hentar hverjum og einum nemenda með það að markmiði að sinna þörfum allra nemenda innan kennslustofunnar.

Fjallað verður um mismunandi vinnubrögð og kynntir kennsluhættir og kennsluaðferðir sem hafa reynst vel í fjölbreyttum nemendahópum. Áhersla er á kennsluhætti og kennsluaðferðir nýsköpunarmenntar, samvirks náms, altæka hönnun náms, fjölmenningslega kennslu og listrænar og skapandi aðferðir. Fjallað verður um samstarf við foreldra og aðrar starfsstéttir er starfa við eða tengjast skólafarfi.

Uppbygging námskeiðsins verður með eftirfarandi hætti:

1.hluti – kennsla í margbreytilegum nemendahópi

2.hluti- Námsumhverfi sem gerir börnum kleift að rækta hæfileika sína og styrkleika

Gert ráð fyrir eftirfylgni á "Mánudegi til menntunar" á skólaárinu.



Kópavogsbær

Rafrænar beiðnir til skólaþjónustu og gæðamarkmið skólaþjónustu

Leiðbeinendur: Ingunn Mjöll Birgisdóttir og Sólveig Norðfjörð

Tímasetning: Mánudaginn 14. ágúst kl.10:00 –12:00

Staðsetning: Kópavogsskóli

Markmið námskeiðsins er að þeir sem bera ábyrgð á að sækja um skólaþjónustu læri á One Systems mála- og skjalavistunarkerfið og þekki verkferla, vinnulýsingar og gæðamarkmið tengd beiðnum um skólaþjónustu.

Farið verður yfir það sem þarf að kunna og vita til að senda beiðnir til skólaþjónustu og leiðbeina foreldrum. Einnig verður farið yfir sniðmát fyrir frummat tengiliða, fundargerðir og stuðningsáætlanir sem hægt að er að nálgast í One Systems. Einnig verða kenndar leiðir til að leita og kalla eftir upplýsingum og leiðir til að halda utan um samskipti sem tengjast málum eins og símtöl, tölvupósta og minnisblöð. Þátttakendur þurfa að hafa aðgang að One systems og vera með fartölvur á námskeiðinu til að æfa það sem verður kennt.



Sambætt þjónusta í þágu farsældar barna - Frummat tengiliða, fundargerðir og stuðningsáætlanir

Leiðbeinendur: Sólveig Norðfjörð verkefnastjóri skólaþjónustu

Tímasetning: Mánudaginn 14. ágúst kl.13:00 –16:00

Staðsetning: Kópavogsskóli

Farið verður yfir innihald laga um sambættingu þjónustu í þágu farsældar barna, hlutverk tengiliða og málstjóra og stigskipta þjónustu. Lögin verða rædd út frá „raunverulegum“ dæmum sem kennarar þekkja í umræðuhópum.

Farið verður yfir markmið, innihald og gerð frummats tengiliða, fundargerða og stuðningsáætlana. Einnig verður rætt um verklag, hlutverk og ábyrgð starfsfólks grunnskóla við gerð frummats, fundargerða og stuðningsáætlana og eftirfylgd mála. Þátttakendum verður síðan skipt í hópa þar sem þeir vinna frummat, fundargerð og/eða stuðningsáætlun fyrir ímyndaðan nemanda.

Í framhaldi af námskeiðinu vinna þátttakendur frummat, fundargerðir og/eða stuðningsáætlanir fyrir sína nemendur. Síðan er gert ráð fyrir tveimur eftirfylgdarvinnusmiðjum á skólaárinu þar sem þátttakendur fá ráðgjöf og stuðning.



Kópavogsbær

Lesið í lifandi myndir

Leiðbeinendur: Guðrún Helga Jónasdóttir frá Kvikmyndamiðstöð Íslands og Hallur Hallsson kvikmyndagerðarmaður.

Tímasetning: Mánudaginn 14. ágúst kl. 09:00 – 16:00

Staðsetning: Kópavogsskóli

Börn og ungmenni kynnast stafrænni tækni áður en þau komast á legg í gegnum spjaldtölvur og síma. Þau byrja snemma að skapa sitt eigið efni og birta á samfélagsmiðlum en það þýðir þó ekki að þau séu meðvitaðir fjölmiðlanotendur og þjálfuð í stafrænu læsi sem er gríðarlega mikilvægt á okkar tímum. Í kennslunni verður stuðst við grunnefni sem kennslusérfræðingar DFI <https://filmcentralen.dk/grundskolen/filmsprog>, dönsku kvikmyndastofnunarinnar hafa lagt fram og inniheldur bæði orðasafn og námskrá til að kenna greiningu myndmáls. Kvikmyndamiðstöð Íslands hefur þýtt og staðfært efnið og að auki tekið saman nokkur dæmi úr íslensku myndefni til stuðnings kennslunni. <https://www.kvikmyndamidstod.is/born-og-ungmenni/kennsluefni/>



Kópavogsbær

Það er gott að lesa í Kópavogi

Leiðbeinendur: Umsjón og kennarar koma frá Bókasafni Kópavogs

Tímasetning: Mánudaginn 14. ágúst kl. 10:00- 15:00

Staðsetning: Bókasafn Kópavogs

Á námskeiðinu verður mikilvægi íslenskra barna- og unglingabóka í kennslu rætt auk þess sem fjallað verður um yndislestur og barnabókmenntir í víðara samhengi.

Fengnir verða gestir á námskeiðið sem nálgast efnið úr ólíkum áttum; kennarinn, rithöfundurinn og fræðimaðurinn. Hugmyndir að lestrarhvetjandi verkefnum verða kynnt og rætt um hvernig efla megi lestur og læsi barna og ungmenna.

Starf bókasafnsins verður kynnt og sérstök áhersla verður lögð á að kynna barna- og ungmennadeildir safnsins og mikilvægi bókasafna fyrir alla aldurshópa.